



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

**BORUN VINNSLUHOLU
FYRIR AUSTUR-EYJAFJALLAHREPP**

Verklýsing - Útboðslýsing - Tilboðsform

OS-89065/JHD-34 B

Júní 1989

**BORUN VINNSLUHOLU
FYRIR AUSTUR-EYJAFJALLAHREPP**

Verklýsing - Útboðslýsing - Tilboðsform

OS-89065/JHD-34 B

Júní 1989

júní 1989

EFNISYFIRLIT

TILKYNNING UM LOKAÐ ÚTBOD

1. ÚTBOÐSGÖGN	1
2. DAGSETTNINGAR	1
3. YFIRLIT	1
4. BORUN HOLU	2
5. JARÐFRÆÐILEGAR AÐSTÆÐUR	2
6. TÆKJASKRÁ	2
7. SKOLVATN / LOFT	3
8. STEYPING FÓÐURRÖRA	3
9. RANNSÓKN MEÐAN Á BORUN STENDUR	3
10. VERKSVIÐ - ÁBYRGÐ - EFNI	5
10.1. Almenn (5); 10.2. Ábyrgð verktaka á tækjum (5); 10.3. Ábyrgð verktaka á borholu (5); 10.4. Atriði undan- þegin útboði (6); 10.5. Efni sem verkkaupi leggur til (6); 10.6. Efni sem verktaki leggur til (6)	
11. SKÝRSLUR - AFHENDING GAGNA	6
12. VERÐTILBOÐ	6
13. SÉRSKILMÁLAR	7
(7); 13.1. Efni tilboðs (7); 13.2. Val tilboðs (7); 13.3. Samþykki tilboðs - verksamningur (8); 13.4. Breytingar á verkinu, Aukaverk (8); 13.5. Ahætta, Vátryggingar, Ábyrgð á skaða (8); 13.6. Greiðslur og reikningsskil (9)	
14. TILBOÐSSKRÁR	10
15. YFIRLITSMYNDIR AF BORSTAÐ	16

TILKYNNING UM LOKAÐ ÚTBOD

Austur-Eyjafjallahreppur býður hérmeð út borun vinnsluholu til notkunnar fyrir hitaveitu hreppsins. Verkið nær til borunar einnar borholu sem nær niður á 300-500 metra dýpi samkvæmt nánari lýsingu í útboðsgögnum.

Útboðsgögnin eru send eftirtöldum aðilum:

Ísbor hf
Jarðborunum hf

Útboðið nefnist:

BORUN VINNSLUHOLU
FYRIR AUSTUR-EYJAFJALLAHREPP

Útboðsgögnin eru eftirfarandi:

1. Útboðslýsing - Tilboðseyðublöð
2. Almennir útboðs og samningsskilmálar um verkframkvæmdir, ÍST 30, 3 útg. 15. september 1988, með sérskilmálum, sjá kafla 9 í útboðslýsingunni.

Tilboðið skal gert í samræmi við útboðsgögnin. Ef frávik eða athugasemdir eru gerðar, skal þeim lýst á sér blaði, og verða þau því aðeins tekin gild, að jafnframt sé boðið í verkið í samræmi við útboðsgögnin.

Tilboði skal skila í lokuðu umslagi, merktu nafni útboðs, til Guðrúnar Ingu Sveinsdóttur oddvita, Austur-Eyjafjallahrepps, Fosstúni, 861 Hvolsvelli, 3. júlí 1989, kl. 15:00. Á sama stað og tíma verða tilboðin opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

Óskir um breytingar á útboðsskilmálunum og verklýsingu skulu berast skrifstofu oddvita Austur-Eyjafjallahrepps fyrir kl 12:00, 26. júní 1989. Verði breytingar gerðar á útboðsgögnunum verða þær tilkynntar öllum sem hafa fengið útboðsgögnin ekki síðar en kl. 12:00, 28. júní 1989.

f.h. Hreppsnefndar Austur-Eyjafjallahrepps

1. ÚTBOÐSGÖGN

Útboðsgögnin eru eftirfarandi:

- 1.1. Borun vinnsluholu fyrir Austur-Eyjafjallahrepp.
Útboðslýsing - Tilboðsform.
Orkustofnun, júní 1989.
- 1.2. ÍST 30, útg. 3, 15. september 1988, með sérskilmálum
(sjá kafla 9)

2. DAGSETNINGAR

- 2.1. Athugasemdir eða óskir um breytingar á útboðsskilmálum berist oddvita Austur-Eyjafjallahrepps fyrir kl.12:00, 26. júní 1989.
- 2.2. Verði breytingar gerðar á útboðsskilmálum, verða þær tilkynntar þeim sem fengið hafa útboðsgögn fyrir kl. 12:00, 26. júní 1989.
- 2.3. Skilátími tilboðs er fyrir kl. 15:00 26. júní 1989, kl. 15:00, á Skrifstofu Austur-Eyjafjallahrepps.
- 2.4. Opnunartími og staður er kl. 15:00, 3. júlí 1989 á Skrifstofu Austur-Eyjafjallahrepps sem er til húsa að Fosstúni, Austur-Eyjafjallahreppi.
- 2.5. Tilboðin gildi til kl. 15:00, 24. júlí 1989 (þrjár vikur frá opnun).
- 2.6. Borverkið skal hefjast í byrjun september.

3. YFIRLIT

Fyrirhugað er að bora vinnsluholu til notkunnar fyrir hitaveitu í Austur-Eyjafjallahreppi. Borholan hefur verið staðsett við laugarþyrpingu rétt hjá Seljavallalaug. Verklýsing þessi nær til borunar niður á 300-500 m dýpi. Á svæðinu rennur áin Laugará en land meðfram henni er fremur óslétt og er því óhjákvæmilegt að gera slóð fyrir jarðborinn að borstað. Gert er ráð fyrir að vertaki kynni sér aðstæður og sjái um lagningu vegar eða slóða sem hentar viðkomandi bor.

4. BORUN HOLU

Verktaki samþykkir að bora holuna niður á allt að 500 m dýpi. Endanlegt dýpi holunnar og dýpi fódðringa verður ákveðið af jarðfræðingi meðan á verki stendur. Miðað skal við að dýpi fódðringa sé næjanlegt til að hylja laus jarðlög og skerma af kaldara yfirborðsvatn.

- 4.1. Efst er 20" yfirborðsfódðring sem nær eins langt niður í eyrina og komist verður með gröfu, helst niður í fast berg og steypa skal að neðri enda þess ef hægt er.
- 4.2. Ef yfirborðsfódðring nær ekki niður í fast berg skal hún höfð laus þannig að hægt sé að reka hana áfram niður í fast berg.
- 4.3. Kringum holutoppinn verði gerður kjallari úr steypum brunnhólkum sem eru 1 m. að innanmáli og 1 m. að dýpt. Neðst úr kjallaranum verði lögð 8" frárennslislögn undir borplanið út í á.
- 4.4. Borað skal fyrir 14" öryggisfódðringu niður á 25-30 m. dýpi.
- 4.5. 14" öryggisfódðringu er komið fyrir í holunni og hún steypd föst.
- 4.6. Borað skal fyrir 8 5/8" vinnslufódðringu með 12 1/4" niður á ca. 80 m. dýpi.
- 4.7. 8 5/8" vinnslufódðringu skal komið fyrir í holunni og hún steypd föst. Flangs skal soðinn á vinnslufódðringuna og borholuloka komið fyrir á honum ef þurfa þykir. Vinnsluhluti holunnar er síðan boraður, og vel fylgst með aukningu í rennsli úr holunni og hitastigi.
- 4.8. Borað skal með 6 1/2" í 300-500 m.

Fóðurrörin skulu soðin saman og þarf suðumaður með hæfnisvottorð frá Iðntæknistofnun fyrir stúfsuðu að annast það. Ef þurfa þykir er borholuloka, NW200 ND16, komið fyrir á holunni í borun, annars eftir að borun holunnar lýkur. Til greina kemur að verkkaupi sjái um liði 4.1 og 4.3 ásamt gerð slóðar og borplans (sjá undantekningu á Vali tilboðs 13.2)

Mynd 1. sýnir frágang holunnar að lokinni borun.

5. JARÐFRÆÐILEGAR AÐSTÆÐUR

Berglög eru basaltlög, móberg og setlög, frekar þétt nema við sprungur. Dýpi á fast berg er líklega á bilinu 5-10 m. Ofan á

berginu er möl og hnúllungagrjót. Ekki hefur verið borað á þessu svæði fyrr, en gera má ráð fyrir yfirþrýstingi á vatninu a.m.k 5 bör og hita á bilinu 65-110 °C.

6. TÆKJASKRÁ

Verktaki skal tilgreina á tilboðsformi B í tilboðsskrá hvaða tæki og fylgihluti hann hyggst nota til verksins. Teikningar af borplani sem fullnær þörfum borsins og aðrar kröfur um frágang þess og vegar að því skulu fylgja tilboði verktaka eins og tilgreint er í tilboðsformi B.

7. SKOLVATN / LOFT

Skolvatn fæst úr Laugará rétt við borstaðinn.

Loftpressa sem hefur næga þrýstigetun þarf að vera á staðnum, og tengibúnaður þannig að hægt sé að bora með lofti og einnig með vatni+lofti, eftir því sem þörf verður á. Ráðlagt er að bora með loftkrónu og froðu, en borinn verður jafnframt að geta borað með hjólakrónu og vatni.

Borinn þarf að hafa aðflutningsdælur og bordælur til að geta dælt vatni á holutoppinn í lok borunarinnar, allt að 40 l/s við 15 bar þrýsting, til að örva holuna.

8. STEYPING FÓÐURRÖRS

Steypa skal úr magni sem samsvarar rúmmáli bilsins milli holu-veggja og fóðurrörs, að viðbættu 100%. Ef steypa kemur ekki upp skal athuga hvort hægt sé að steypa ofanfrá. Sé opið fyrir rennsli niður með fóðringunni skal steyppt aftur og aftur, og því ekki hætt fyrr en steypan kemur upp. Í slíkum tilfellum má nota vikursteypu.

Að lokinni steypingu skal skorið ofan af 14" yfirborðsfóðringunni. Þá þarf að fjarlægja um 40 cm af steypunni úr bilinu milli fóðringanna og fylla bilið á eftirfarandi hátt. Fyrst er sett fín perlumöl um 20 cm, þá er komið fyrir 1/2" ryðfríu röri í sigtismölinni, og loks fyllt upp með sementslögum úr hraðsmenti. Þússningin nær upp að brún ytri fóðringarinnar, og er látin halla upp um 45 gráður. Þessi frágangur er til að tryggja að vatn komist ekki í bilið milli fóðringanna og til að hindra tæringu á vinnslufóðringunni að utanverðu. Ryðfría rörið er beygt, þannig að ekki komist vatn niður um það.

9. RANNSÓKNIR MEÐAN Á BORUN STENDUR


Áhöfn borsins er ætlað að safna ákveðnum upplýsingum um gang verksins á meðan á borun holanna stendur. Veigamikið er að borskýrslur séu samviskusamlega fylltar út. Borskýrslum er ætlað að sýna alla helstu aflestra, svo sem dýpi, borhraða,

skoltöp/aukningu, álag og snúningshraða krónu, þrýsting, hitastig o.fl. Afrit af borskýrslu skal afhent verkkaupa daglega, samkvæmt frekari fyrirmælum.

Svarfsýnum skal safna á 2 m fresti, og setja í 100 ml plastdósir. Dósirnar þarf að merkja holunúmeri og dýpi.

Verktakinn skal koma upp aðstöðu til að mæla vatnsmagn sem berst úr holunni við loftborunina. Mæling verði annað hvort gerð í kári, eða með því að koma V-laga yfirfalli fyrir í skurði. Þegar vart verður við aukningu, eða aðra vísbendingu um að vatnsað hafi verið skorin, skal það skráð í borskýrslu og tilkynnt verkkaupa sem fyrst. Mælur til að skrá hitastig skolvatnsins sem kemur upp, skulu vera fyrir hendi.

Verkkaupi hefur heimild til að stöðva verkið tímabundið og fara fram á að prófanir eða mælingar verði gerðar á holunni. Slík fyrirmæli skal verkkaupi gefa skriflega, og verður sérstakt tímagjald því aðeins greitt að svo hafi verið gert.



Mynd 1. Frágangur holunar.

10. VERKSVIÐ - ÁBYRGÐ - EFNI

10.1. Almennt

Verkið skal framkvæmt í samræmi við útboðslýsinguna. Verktakinn skal leggja til verksins alla vinnu, bor-tæki, áhöld og varahluti sem til þarf, og efni samkvæmt frekari lýsingu í kafla 10.6.

10.2.Ábyrgð verktaka á tækjum

Tæki verktaka skulu vera í góðu ásigkomulagi. Verði bilun, eyðileggist eða tapist einhver tæki eða áhöld verktaka, ber verktaki fulla ábyrgð á því.

10.3.Ábyrgð verktaka á borholu

10.3.1. Verði tjón á holunni meðan á borun holunnar stendur sem rekja má til vanrækslu verktaka, ber hann ábyrgð á slíku tjóni. Í því tilfelli að bordýpi verði ekki náð af þeim sökum, ber verktaka að flytja borinn um set og bora aðra holu á sinn kostnað, þar til verkið kemst á sama stig og var í fyrri holu. Fyrir vinnu við fyrri holu fær verktakinn eingöngu greitt fyrir þau störf sem unnin voru í tímavinnu samkvæmt beiðni verkkaupa. Fyrir síðari holuna verður greitt samkvæmt verk-samningi.

10.3.2. Verði hrun í holunni eða upp koma aðrar þær aðstæður sem gera borun erfiða eða ómögulega, skal verktaki þegar tilkynna það verkkaupa og leitast við að sigrast á örðugleikunum með notkun sér-stakra tækja eða efna. Í slíkum aðgerðum skal verktaki gera sitt ítrasta til að sigrast á örðugleikunum og halda áfram á sinn kostnað í allt að 8 vinnustundir í hverju tilfelli. Verði ekki aukning í bordýpi um 5 metra skal verkkaupi ákveða hvort borun skuli hætt eða haldið áfram á tíma-gjaldi. Verði ákveðið að halda áfram á tímagjaldi skal borun haldið áfram þar til aukning hefur orðið um 5 m í dýpi holunnar. Telst þá vandamálið yfirstigið, og hefst þá borun á ný samkvæmt einingarverði. Verktaki hefur heimild til að hætta borun við holuna eftir tvær slíkar tilraunir (sem standa meira en 8 tíma hver), enda telji hann áframhaldandi borun vonlausar. Ef einsýnt þykir í upphafi erfiðleika að aðgerðir munu reynast árangurslausar er verktaka heimilt að hætta strax við holuna með samþykki verkkaupa.

10.4. Atriði undanþegin útboði

- 10.4.1. Eftirlit og rannsókn sérfræðinga sem starfa á vegum verkkaupa.
- 10.4.2. Aðkeypt þjónusta til mælinga í holu sem gerðar eru til að sigrast á örðuleikum í borunn. Í slíkum tilfellum greiðist ekki tímagjald.
- 10.4.3. Fæði og gisting fyrir boráhöfn að Skógum.

10.5. Efni sem verkkaupi leggur til

- 10.5.1. Fóðurrör, 10 m. af 14" og 80 m. af 8 5/8".
- 10.5.2. Brunnrör þverm. 1m. Frárennslisrör 8".
- 10.5.3. Holutopp (borholuloka, holuflangs, ND16)
- 10.5.4. Sement til steypingar á fóðringum og til steypingar í holu.

10.6. Efni sem verktaki leggur til

- 10.6.1. Verktaki skal leggja til allt efni (undanskilið 10.5.) sem þarf til verksins og annast fluttning og umsýslu þess. Greiðsla fyrir efni sem verktaki leggur til skal vera innifalin í tilboðsupphæðinni.
- 10.6.2. Annað efni samkvæmt beiðni verkkaupa. Verktaka er óheimilt að skuldbinda útgjöld hjá þriðja aðila vegna verksins, nema með skriflegu samþykki umboðmans eða eftirlitsmans verkkaupa hverju sinni.

11. SKÝRSLUR - AFHENDING GAGNA

- 11.1. Verktaka ber að afhenda eða senda verkkaupa borskýrslur í upphafi hvers verk dags fyrir verk sem unnin voru deginum áður.
- 11.2. Svarfsýnum skal safnað í plastdósir á 2 m fresti, og þau afhent eða send verkkaupa, eða þeim sem hann vísar til. Plastdósirnar skulu merktar holunúmeri, dagsetningu, tíma og dýpi.
- 11.3. Verði slys á mönnum eða tjón á tækjum þriðja aðila skal verkkaupa sent afrit af skýrslum sem gerðar eru.
- 11.4. Fari verkkaupi fram á að fá greinargerð frá verktaka um sérstök atriði, sem varða verkið, eða um áætlanir verktaka skulu þær afhentar innan tveggja sólarhringa.

12. VERÐTILBOÐ

Verðtilboð skal vera ýmist fast verð, einingarverð eða tímagjald. Einingarverð skal miðast við boraða metra. Lengdarmál skulu þá reiknast frá sléttri jörð eða holuflangs þegar hann er kominn á

fóðurrörið.

Verðtilboð skal fært inn á tilboðsform A í tilboðsskrá, og skal skyptast í eftirfarandi þætti:

- 12.1. Flutningur bors til og frá borstað (fast verð í kr).
- 12.2. Vegagerð að borplani (fast verð í kr.).
- 12.3. Gerð borplans, frágangur á yfirborðsfóðringu og brunn með 8" frárennsli (fast verð í kr.).
- 12.4. Borun fyrir 14" fóðringu, fóðrun og steyping (einingarverð kr/m).
- 12.5. Borun fyrir 8 5/8" fóðringu, fóðrun og steyping (einingarverð kr/m).
- 12.6. Borun vinnsluhluta holunnar 6 1/2" (einingarverð kr/m).
- 12.7. Tímagjald fyrir borinn í biðstöðu og vélar stöðvaðar (reikningsverk, kr/klst).
- 12.8. Tímagjald fyrir áhöfn borsins og borvélar í gangi sundurliðið tímagjaldið fyrir mannskap og bor, og síðan fyrir stærri vélar svo sem dælur, loftpressur (reikningsverk, kr/klst).

13. SÉRSKILMÁLAR

Um verk þetta gildir staðallinn "Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir - ÍST 30, 3. útgáfa 1988.09.15", með eftirfarandi breytingum eða viðbótum og vísa númer á tilsvarandi greinar í staðlinum.

13.1. Efni tilboðs

6.3.0. orðist svo:

Tilboðinu fylgi sérstakt bindandi tilboðsblað og telst það hluti af tilboðionu. Á blaðinu skal tilgreina upphæð tilboðs.

13.2. Val tilboðs

9.1 orðist svo:

Bjóðendur mega gera tillögu um og miða tilboð sín við aðra tilhögun verks en í útboðslýsingu greinir jafnframt því sem þeir bjóða í verkið samkvæmt útboðslýsingu. Ef bjóðandi vill gera tilboð í breytta tilhögun skal því fylgja nákvæm lýsing.

Ef fyrirvarar eru í aðaltilboði, verða þeir ekki teknir til greina og bjóðandi á ekki neina kröfu á hendur verkkaupa. Undantekning eru liðir 12.2 og 12.3, (verkpættir B og C á tilboðsformi A) það mun ekki ógilda tilboðið þó að ekki sé boðið í þá liði. Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna tilboði í liði 12.2 og 12.3 á sama hátt.

13.3. Samþykki tilboðs - verksamningur

11.2.1 orðist svo:

Gera skal skriflegan verksamning eigi síðar en 1/2 mánuði eftir að tilboð hefur verið samþykkt.

13.4. Breytingar á verkinu, Aukaverk

16.12 ný grein:

Ef verkkaupa finnst nauðsynlegt eða hagkvæmt að breytingar og aukaverk verði unnin í reikningsvinnu, getur hann krafist þess. Efniskostnað eða aðkeypta þjónustu sem verktaki leggur út vegna reikningsverka, samkvæmt beiðni verkkaupa, greiðir hann með 10% álagi.

Greiðsla fyrir aukaverkið skal vera samanlagður unninn tímafjöldi margfaldaður með viðkomandi einingarverði (tímagjaldi) að viðbættum efniskostnaði með álagi.

Verkkaupi getur farið fram á að mælingar skuli gerðar í holunni á meðan borun holunnar stendur yfir, þó þær orsaki tímabundna stöðvun verksins. Fyrir þann tíma greiðist sérstakt tímagjald samkvæmt lið G eða H á tilboðsformi A. Tímalengdin miðast við fjölda verktíma frá því borverkið er stöðvað þar til það getur hafist aftur á sama stað. Einungis er miðað við tíma sem fellur innan venjulegs vinnutíma boráhafnar. Fari mælingarnar fram í borhléum, greiðist ekki sérstakt tímagjald.

Komi upp erfiðleikar við borun sem ekki verði leyst úr innan 8 tíma frá því tilkynnt var um þá, áskilur verkkaupi sér rétt til að hætta borun og greiða eingöngu fyrir þann hluta verksins sem lokið er, og jafnframt að hefja borun nýrrar holu á sama svæði sem boruð yrði samkvæmt þessari útboðslýsingu og samþykktu tilboði.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hætta borun hvenær sem er eftir að 300 m dýpi er náð, eins og greint er frá í kafla 4 "Borun holu".

13.5. Áhætta, Vátryggingar, Ábyrgð á skaða

22.8 ný grein:

Ef í ljós kemur við framkvæmd verksins, að búast megi við eða að hætta sé á, einhverra atvika vegna, að verkkaupi verði skaðabótaskyldur gagnvart þriðja aðila, ber verktaka að tilkynna það til verkkaupa samstundis. Ef verktaki á einhvern hátt getur ekki gert verkkaupa viðvart í tæka tíð ber verktaka að gera þær ráðstafanir, sem hann telur bestar til að vernda hag verkkaupa. Verktaki skal fá kostnað vegna þessa greiddan, nema hann eigi sjálfur sök á hugsanlegu tjóni.

13.6. Greiðslur og reikningsskil

32.1.0 orðist svo:

Greiðslur fari fram að verki loknu. Skal verkkaupi eða fulltrúi hans hafa allt að 15 daga til að yfirfara reikning verktaka.

Verkkaupi skal inna greiðslu af hendi innan 10 daga frá samþykkt reikningsins.

32.6 orðist svo:

Með fullnaðarreikningi, skal verktaki skila skrá yfir hugsanlegar kröfur, um greiðslur vegna aukaverka og breytinga, og gera rökstudda grein fyrir þeim, ella verða kröfur ekki teknar til greina.

14. TILBOÐSSKRÁR

1. Tilboðsform A - Verðtilboð
2. Tilboðsform B - Tækjalýsing
3. Tilboðsform C - Starfsmenn

BORUN VINNSLUHOLU
FYRIR AUSTUR-EYJAFJALLAHREPP

Verkpáttur	Verkheiti	Ein.	Verð kr.
------------	-----------	------	----------

- A. Flutningur bors til og frá borstað
(fast verð í kr fyrir verkið í heild)..._____
- B. Vegagerð að borplani..fast verð.(kr)..._____
- C. Gerð borplans, frágangur á yfirborðsfóðringu og brunn
með frárennsli (fastverð.(kr)....._____
- D. Borun fyrir 14" öryggisfóðringu, fóðrun og
steyping einingarverð (kr/m)..._____
- E. Borun fyrir 8 5/8" vinnslufóðringu, fóðrun og
steyping einingarverð (kr/m)..._____
- F. Borun vinnsluhluta holunnar 6 1/2"
..... einingarverð (kr/m)..._____
- G. Tímagjald fyrir borinn í biðstöðu
og vélar stöðvaðar.....(kr/klst)..._____
- H. Tímagjald fyrir borinn með vélarnar í gangi.
- Sundurliðið tímagjaldið fyrir:
- H.1. borinn einn.....(kr/klst)..._____
- H.2. + dælur borsins(kr/klst)..._____
- H.3. loftpressur(kr/klst)..._____

Nafn bjóðanda: _____

Undirskrift bjóðanda: _____

TilboðsskráTilboðsform B

BORUN VINNSLUHOLU
FYRIR AUSTUR-EYJAFJALLAHREPP

Tækjalýsing

Tegund bors:

Afköst og þrýstigetá loftpressu:

Stærð borkróna:

Þvermál borstanga:

HJÁLPAREFNI (froða, leðja, olía o. fl.)

Nafn bjóðanda: _____

Undirskr. bjóðanda: _____

TilboðsskráTilboðsform C

BORUN VINNSLUHÖLU
FYRIR AUSTUR-EYJAFJALLAHREPP

Starfsmenn verktaka - Verkreygsla

1. YFIRSTJÓRN

Nafn: _____

Menntun: _____

Reynsla: _____

2. BORSTJÓRI

Nafn: _____

Menntun: _____

Reynsla: _____

3. BORÁHÖFN

Nafn: _____ Starfsaldur: _____

Nafn: _____ Starfsaldur: _____

4. SUÐUMENN

Nafn: _____ Starfsaldur: _____

Nafn: _____ Starfsaldur: _____

Nafn bjóðanda: _____

Undirskrift bjóðanda: _____

VERKSAMNINGUR

1. grein.

Samningur þessi er gerður milli AUSTUR-EYJAFJALLAHREPPS, sem hér eftir nefnist verkkaupi, annars vegar og

sem hér eftir nefnist verktaki, hins vegar.

2. grein.

Verktaki skal framkvæma verkið: _____

_____, í samræmi við samning þennan, útboðsgögn og tilboð verktaka. Auk þess eru eftirtalin gögn hluti samningsins:

1. Almennir útboðs og samningsskilmálar um verkfrámkvæmdir, ÍST 30, 3. útg., ásamt sérákvæðum.

3. grein.

Greiðslur fyrir verkið verða samkvæmt tilboði:

4. grein.

Eftirtaldir aðilar hafa umboð til að koma fram fyrir hönd verkkaupa og verktaka:

Umboðsmaður verkkaupa er _____

Daglegt eftirlit verkkaupa annast _____

Ráðgjafi verkkaupa er _____

Yfirstjórnandi verktaka er _____

Borstjóri er _____

5. grein.

Verktaka er óheimilt að skuldbinda útgjöld hjá þriðja aðila vegna verksins, nema með skriflegu samþykki umboðsmanns eða eftirlitsmanns verkkaupa hverju sinni.

6. grein.

Verktaki skal gæta að umgengni á borstað sé öll hin snyrtilegasta, og hreinsa eftir sig allt rusl. Rusl skal flutt á viðurkenndan sorpgeymslustað, sem umboðsmaður verkkaupa vísar á.

7. grein.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

8. grein.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Dags: _____

F. h. verktaka:

F. h. verkkaupa:

Vottar:
